

# STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1991

18. mars 1991

293

Nr. 140

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### Orka og vatnsmagn H490

*Til hitunar á íbúðarhúsnæði.*

Fastagjald	11 600,00 kr/ári
Orkugjald	2,45 kr/kWh
Rúmmetragjald	21,78 kr/m <sup>3</sup>

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kWh og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári, og að auki er veittur sérstakur afsláttur vegna sömu notkunar og er hann 0,26 kr/kWh.

#### Orka og vatnsmagn H499

*Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.*

Fastagjald	11 600,00 kr/ári
Orkugjald	2,45 kr/kWh
Rúmmetragjald	21,78 kr/m <sup>3</sup>

#### Vatnsmagn I 480

*Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.*

Fastagjald	11 600,00 kr/ári
Rúmmetragjald	113,00 kr/m <sup>3</sup>

#### Orka H498

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/ári*

Fastagjald	11 600,00 kr/ári
Orkugjald	1,59 kr/kWh
Rúmmetragjald	14,18 kr/m <sup>3</sup>

B 20

**Hemill 1489.**

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.*

Fastagjald . . . . . 22 318,00 kr/ári  
Mínútlítragjald . . . . . 2 247,00 kr/mán.

## 4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimaugagjöld í þéttbýli).

## 6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 750,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 500,00.

## 7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

## III. KAFLI

## 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 4. janúar 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 3, 2. janúar 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 628, 27. desember 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*